

Alþingi

Erindi nr. P 130/2063

komudagur 21.4.2004

UST

Umhverfisstofnun

Nefndasvið Alþingis
samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. apríl 2004

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20040200168/KG

Frumvarp til laga um siglingavernd, 569. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um siglingavernd, 569. mál. Umhverfisstofnun fagnar aðgerðum sem lúta að auknu öryggi siglinga og hafna enda er líklegt að slíkar aðgerðir styrki varnir gegn mengunaróhöppum.

Umhverfisstofnun telur heiti frumvarpsins óheppilegt þar sem verið er að hliðra til notkun hugtaksins „vernd“. Stofnunin bendir á að texti frumvarpsins byggir nánast alfarið á texta nýrrar bókunar við SOLAS samninginn, og í enskum texta bókunarinnar er notað orðið “security”. Samkvæmt orðabókum eru þýðingar orðsins „öryggi, vörn“ en „vernd“ er þýðing á “protection”.

Umhverfisstofnun er ljóst að erfitt getur verið að aðgreina í þýðingu ensku orðin “safety” og “security” en bæði má þýða sem „öryggi“. Stofnunin telur þó misvísandi að yfirfæra hér þýðingu orðsins “security” yfir á orðið „vernd“ og að slíkt geti leitt til misskilnings síðar meir. Telur stofnunin æskilegast að heiti laganna verði „Öryggi siglinga“ en til vara er bent á aðra viðurkennda þýðingu, þ.e. orðið „varnir“. Sambærileg breyting verði gerð á viðeigandi ákvæðum frumvarpsins.

Umhverfisstofnun telur einnig óheppilega notkun orðsins „hafnaraðstaða“ í frumvarpinu (sbr. t.d. 3. tl. 3. gr.), þar sem einungis er vísað til hluta almennrar hafnaraðstöðu. Stofnunin telur óheppilegt að nota almennt orðalag sem tilvísun til sértæks fyrirbæris eins og hér um ræðir. Stofnunin leggur því til að notaður verði takmarkandi þátturinn „afmörkuð hafnaraðstaða“. Mætti 1. ml. 6. gr. því hljóða þannig:

„Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina afmarkaða hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi.“

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður